

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 1-2017

Tími: Föstudagur 20. janúar 2017 á Keldnaholti

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Sigríður Hallgrímsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir í símanum. Eyþór Eðvarðsson kom inn á fundinn. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Yfirlýsing rektors

Í upphafi fundar kvað rektor sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi yfirlýsingu:

„Af persónulegum ástæðum óskar rektor eftir að hefja samningagerð við háskólaráð um starfslok sem slíkur og endurkomu í fullt prófessorsstarf við skólann. Í þessu skyni fái rektor fulla heimild til að sækja atbeina lögmanns á kostnað skólans til að annast samningagerðina fyrir sína hönd og afla viðeigandi staðfestingar eða samþykkis ráðherra á umræddum gjörningi.“

Ákvörðun rektors kom fundarmönnum á óvart en þeir lýstu yfir stuðningi við ákvörðun hans. Jafnframt er ljóst að háskólaráð þarf í framhaldinu að undirbúa rektorsskipti og vinna málið náið með ráðuneyti, með það að leiðarljósi að hagsmunum skólans sé sem best borgið. Málið fer nú í formlegt ferli.

Starfshópur háskólaráðs fær nú það hlutverk að gera tillögu að verklagi og skilar henni til háskólaráðs sem fer svo áfram með ferlið inn í menntamálaráðuneytið.

2. Áður útsend fundargerð endanlega yfirfarin og samþykkt.

Fundargerð 9 frá árinu 2016 lögð fram og samþykkt.

3. Svar til FÍN.

Tillaga að svari til FÍN var lögð fram á fundinum og verður afgreidd í tölvupósti. Ef ekki koma fram athugasemdir við tillöguna eða aðrar tillögur fyrir miðvikudaginn 25. janúar næstkomandi skoðast hún samþykkt. Athugasemdir, ef einhverjar eru, berist til ritara háskólaráðs sem heldur utan um þær og verður erindið þá lagt fyrir næsta háskólaráðsfund til afgreiðslu.

4. Staða vinnu í starfshópi háskólaráðs sbr. bókun 3 frá fundi 9 2016.

Starfshópur háskólaráðs hefur hist nokkrum sinnum. Auður Magnúsdóttir sagði sig úr starfshópnum. Fulltrúar starfsmanna í háskólaráði lögðu fram tillögu um að framkvæmdastjórn skipi nýjan fulltrúa (1-2) í starfshóp háskólaráðs og var það samþykkt. Jafnframt verði mannauðsstjóri starfsmaður hópsins.

Fulltrúi starfshópsins, Eyþór Eðvarðsson ræddi við 22 starfsmenn um samskipti innan skólans. Í ljósi yfirlýsingar rektors þarf nefndin að skoða næstu skref, staðan er mjög viðkvæm og mikilvægt að háskólaráð vinni þétt saman að því að koma málum í réttan farveg.

Eyþór kynnti tillögu að því ferli sem nú þarf að fara í gang. Kynna þarf yfirlýsingu rektors fyrir öllum starfsmönnum sem fyrst. Ræða þarf við lykilstjórnendur þannig að þeir séu samstíga og vinni af heilum hug með rektor þar til nýr rektor tekur til starfa. Stefnumótun þarf að fara í gang og tryggja þarf öfluga samvinnu við helstu hagsmunaaðila skólans. Nauðsynlegt er að fara í að efla vinnuanda

meðal starfsmanna og skerpa á boðleiðum og skipulagi innan skólans. Starfshópurinn hefur lagt áherslu á að koma með tillögur að lausnum sem fyrst.

Fulltrúar starfsmanna í háskólaráði hafa trú á því að hægt sé að endurvinnna traust innan skólans og hefja uppbyggingu til framtíðar.

Stefnt verður að því að halda starfsmannafund næstkomandi þriðjudag kl. 15 til að kynna starfsmönnum næstu skref.

5. Staða fjárhags

Rektor kynnti stöðu fjárhags skólans. Við aðra umræðu og frágang fjárlaga 2017 komu fram eftirfarandi fjárveitingar til skólans til viðbótar við upphaflegar fjárhæðir í fjárlagafrumvarpi.

- 15 [m.kr.](#) tímabundið framlag til endurnýjunar innviða.
- 40 [m.kr.](#) tímabundið framlag til styrkingar á rekstrargrunni.
- 70 [m.kr.](#) tímabundið framlag til endurbóta á byggingum á Reykjum.
- 58 [m.kr.](#) tekjuauka við samning skólans við Anr um ráðstöfun þessa fjár þarf að gera samning við ráðuneytið.

Á grundvelli þessara viðbótarfjárveitinga þurfti að endurskoða fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og er ljóst að þetta viðbótarfjármagn færir skólanum tækifæri til átaksverkefna árið 2017. Varðandi niðurstöðu rekstrar fyrir fjárhagsárið 2016 kemur einnig í ljós að rekstrarafgangur er meiri en ráð var fyrir gert og má ætla að hann verði um 40 mkr. Skólanum hafði verið gert að greiða til baka í ríkissjóð að lágmarki 20 mkr í skuld sína og í ljósi þess að í lokafjárlögum 2015 var gert ráð fyrir 341 mkr niðurfellingu skulda við ríkissjóð þá munu skuldir skólans verða að fullu uppgreiddar við lok árs 2017. Þetta markar í raun nýtt upphaf í rekstri skólans.

6. Önnur mál

a. Samskiptaferlar og boðleiðir

Mikilvægt er að hafa skýran farveg fyrir erindi og bókanir sem berast til háskólaráðs þannig að svör berist sem fyrst. Jafnframt væri til bóta að ráðsmenn í háskólaráði temji sér ákveðið verklag við svörun á tölvupóstum sín í milli.

b. Siðanefnd

Ekki hafa borist tilnefningar í siðanefnd Lbhí. Gert er ráð fyrir að í siðanefnd sé löglærður formaður, siðfræðingur og fulltrúi sem hefur þekkingu á akademísku starfi. Siðanefnd þarf að endurskoða siðareglur skólans og taka svo á erindum sem berast. Háskólaráðsfulltrúar sendi rektor tillögur að fulltrúum í siðanefnd fyrir miðvikudaginn 25. janúar næstkomandi og verða tillögurnar ræddar á næsta fundi ráðsins.

c. Erindisbréf starfshóps háskólaráðs

Rektor og ritara falið að ganga formlega frá erindisbréfi starfshóps háskólaráðs fyrir næstkomandi þriðjudag.

7. Fundargerð var samþykkt í lok fundar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.32.